



Reykjavík, 2. maí 2019

R19040179

6600

bb

Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Landsskipulagsstefna - umsögn umhverfis- og skipulagssviðs

Á fundi borgarráðs þann 2. maí 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 11. apríl 2019, varðandi erindi Skipulagsstofnunar, dags. 15. og 20. mars 2019, um lýsingu fyrir gerð landsskipulagsstefnu, ásamt umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 5. apríl 2019.

Borgarráð samþykkti umsögn umhverfis- og skipulagssviðs.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokknsins sátu hjá við afgreiðslu málsins og lögðu fram svohljóðandi bókun:

Í framlagðri umsögn umhverfis- og skipulagssviðs um landsskipulagsstefnu er ekki fjallað um orkuskipti í samgöngum sem er þó ein virkasta leið til að minnka mengun og losun gróðurhúsalofttegunda. Sá aðili sem er í bestum færum til að styðja við orkuskipti er Reykjavíkurborg, enda þéttbýlt og langstærsta sveitarfélagið. Auk þess á borgin Orkuveitu Reykjavíkur. Noregur hefur náð miklum árangri í að nýta vistvæna raforku í samgöngum. Rétt væri að borgin styddi betur við orkuskipti og sú stefnumörkun kæmi fram í umsögninni.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstrri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Orkuskipti í samgöngum er einn þáttur í því að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda eins og fram kemur í loftslagsstefnu borgarinnar. Þar eru verkefnin eftirfarandi: Standa fyrir uppsetningu hleðslustöðva í bílastæðahúsum borgarinnar. Setja upp hleðslustöðvar við valdar byggingar á vegum borgarinnar fyrir gesti og starfsfólk. Að borgin vinni með OR að hugmyndum um uppsetningu hleðslustöðva í hverfum. Sett verði fram áætlun um hvernig strætó og borgarlína geti alfarið gengið fyrir orkugjöfum sem ekki losa gróðurhúsalofttegundir. Regluverk Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í eigu hennar verði rýnt með það að markmiði að

ryðja úr vegi hindrunum fyrir rafvæðingu samgangna og auðvelda innleiðingu þeirra.
Stærsta verkefnið í loftslagsstefnu borgarinnar er hinsvegar þéttинг byggðar og
uppbýgging Borgarlínu.



Helga Björk Laxdal
e.u.